

Þriðjudaginn 2. september 1997.

Nr. 341/1997.

**Dánarbú Karls K. Karlssonar**

(Sigurbjörn Magnússon hrl.)

gegn

**Karli K. Karlssyni ehf.**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 1997, þar sem lagt var fyrir skiptastjóra sóknaraðila að taka efnislega afstöðu til lýstrar kröfu varnaraðila í dánarbúið. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að staðfest verði sú niðurstaða skiptastjórans að hafna kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

## I.

Samkvæmt gögnum málsins var dánarbú Karls K. Karlssonar, sem lést 16. janúar 1996, tekið til opinberra skipta 28. febrúar sama árs. Erfingjar munu ekki hafa ábyrgst skuldbindingar dánarbúsins, og var gefin út innköllun til skuldheimtumanna. Innan kröfulýsingarfrests mun skiptastjóra aðeins hafa borist krafan frá varnaraðila, sem deilt er um í málinu. Í kröfulýsingu varnaraðila 22. maí 1996 var greint frá kröfueiganda og skuldara, en að öðru leyti sagði þar einungis eftirfarandi:

„Með tilvísun í innköllun, sem birtist í Lögbirtingi 23. apríl 1996, lýsi ég hér með eftirfarandi kröfu í ofangreint dánarbú:

Höfuðstóll	kr. 1.911.602
Samtals	kr. 1.911.602“.

Í skrá um lýstar kröfur 22. ágúst 1996 lét skiptastjóri í ljós þá afstöðu til kröfunnar, að henni væri hafnað vegna vanreifunar. Af fundargerð frá skiptafundi í dánarbúinu 6. september 1996, þar sem kröfuskráin var lögð fram, virðist mega ráða, að fyrirsvarsaður og lögmaður varnaraðila, sem fundinn sóttu og lögðu fram svokallaðan hreyfingarlista úr bókhaldi varnaraðila til stuðnings kröfu hans, hafi mótmælt þessari afstöðu skiptastjóra. Skiptastjóri færði þar í fundargerðina, að ákveðið hefði verið að fresta að taka afstöðu til kröfunnar til næsta skiptafundar.

Ráðið verður af gögnum málsins, að skiptastjóri hafi í kjölfar umrædds skiptafundar margoitað eftir því við varnaraðila, að hann legði fram frekari gögn til stuðnings kröfu sinni, en án árangurs. Til þess var vísað í bréfi skiptastjóra til fyrirsvarsmanns og lögmans varnaraðila 21. október 1996, þar sem boðað var til skiptafundar í dánarbúinu 29. sama mánaðar, en þar var jafnframt tekið fram, að vegna þessara ástæðna myndi skiptastjóri taka afstöðu til kröfunnar á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ekki var sá skiptafundur sóttur af hálfu varnaraðila, en í fundargerð frá fundinum var þess getið, að lögmaður og fyrirsvarsaður hans hefðu boðað forföll. Varðandi kröfu varnaraðila var meðal annars fært eftirfarandi í fundargerðina: „Á kröfulýsingartímabili var aðeins lýst kröfu frá hlutafélaginu Karli K. Karlssyni ehf. Skiptastjóri hafnaði kröfunni að svo stöddu vegna vanreifunar. Með kröfunni fylgdi hreyfingarlisti úr bókhaldi hlutafélagsins. Skiptastjóri óskaði eftir, að lögð yrðu fram tiltekin fylgiskjöl. Beiðnin var ítrekuð margsinis, en án árangurs. Skiptastjóri getur ekki samþykkt kröfuna, þar sem henni fylgja ekki nægileg gögn. Kröfunni er því hafnað.“ Skiptastjóri tilkynnti varnaraðila þessi málalok samdægurs með bréfi. Í kjölfarið sendi lögmaður varnaraðila skiptastjóra bréf 8. nóvember 1996 ásamt gögnum um kröfu sína, sem hann kvaðst þar lækka í 480.993 krónur. Óskaði lögmaðurinn eftir því, að skiptastjóri endurskoðaði afstöðu sína til kröfunnar, en kvaðst að öðrum kosti biðja um, að ágreiningi um hana yrði vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur. Skiptastjóri varð við siðargreindri beiðni varnaraðila með bréfi 19. nóvember 1996, og er málið komið til af því.

## II.

Í fyrrnefndri skrá um lýstar kröfur á hendur sóknaraðila lét skiptastjóri í ljós þá fyrirvaralausú afstöðu, að kröfu varnaraðila væri hafnað vegna vanreifunar. Með þessu stóð skiptastjóri formlega á réttan hátt að meðferð kröfunnar, sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 20/1991, en engu breytir í því sambandi, þótt þess gæti á síðari stigum í umfjöllun skiptastjóra, að hann telji sig hafa hafnað kröfu varnaraðila „að svo stöddu“, eins og segir meðal annars í áður tilvitnaðri fundargerð frá skiptafundi 29. október 1996. Samkvæmt áðursögðu verður að líta svo á, að varnaraðili hafi mótmælt þessari afstöðu skiptastjóra á skiptafundi 6. september 1996, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 20/1991. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. sömu greinar reyndi skiptastjóri að jafna ágreining við varnaraðila um viðurkenningu kröfu hans, meðal annars með því að boða til skiptafundarins 29. október 1996. Skiptastjóra var óskylt að tefja frekar skipti á dánarbúinu með því að fresta skiptafundi í þessu skyni vegna tilkynninga um forföll af hálfu varnaraðila. Mátti því skiptastjóri réttilega telja lokið viðleitni sinni til að jafna ágreininginn og beina honum til úrlausnar héraðsdóms samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 60. gr., sbr. 122. gr. laga nr. 20/1991.

Samkvæmt framangreindu fékk krafa varnaraðila lögmeeta meðferð í höndum skiptastjóra sóknaraðila, og var ágreiningnum um hana réttilega beint til úrlausnar dómstóla. Er því ekki tilefni til að ljúka málinu með þeim hætti að vísa því í reynd frá héraðsdómi, svo sem gert var í hinum kærða úrskurði. Verður úrskurður héraðsdómara því felldur úr gildi og lagt fyrir hann að taka ágreining málsaðila til efnislegrar úrlausnar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka ágreining málsaðila til efnislegrar úrlausnar.

Málskostnaður í héraði og kærúmskostnaður fellur niður.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 1997.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflytningi 27. maí sl.

Sóknaraðili, Karl K. Karlsson ehf., kt. 601289-1489, Skúlatúni 4, Reykjavík, gerir þær dómkröfur aðallega, að lagt verði fyrir skiptastjóra dánarbús Karls Kr. Karlssonar að taka efnislega afstöðu til kröfu sóknaraðila í dánarbúið, til vara, að viðurkennd verði með úrskurði krafa hans á hendur varnaraðila, að fjárhæð 480.993 kr., með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. október 1996 til greiðsludags. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili, dánarbú Karls Kr. Karlssonar, kt. 070319-2769, gerir þær dómkröfur, að ákvörðun skiptastjóra verði staðfest. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 28. febrúar 1996, var dánarbú Karls Kr. Karlssonar tekið til opinberra skipta, en Karl andaðist 16. janúar 1996. Var Steinunn Guðbjartsdóttir hdl. skipuð skiptastjóri búsins.

Hinn látni stofnaði einkafyrirtækið Karl K. Karlsson árið 1946. Árið 1985 stofnaði hann ásamt Ingvari, syni sínum, sameignarfyrirtækið Karl K. Karlsson sf., og átti Karl 1/3 hluta og Ingvar 2/3 hluta. Árið 1989 var félagsforminu breytt aftur og þá í hlutafélag. Var eignarhluti hins látna 15%.

Innköllun var gefin út, og lýsti sóknaraðili kröfu 22. maí 1996. Krafan var vegna greiðslna, sem hlutafélagið innti af hendi vegna hins látna. Var krafan leiðrétt, frá því að hún var fyrst sett fram hjá skiptastjóra, og er endanleg kröfufjárhæð að höfuðstól 480.993 kr.

Á skiptafundi 6. september 1996 var fjallað um kröfu sóknaraðila í búið. Fjalla átti um kröfuna á fundi, sem boðað var til 30. ágúst 1996, en vegna forfalla var fundinum frestað til 6. september. Var krafa sóknaraðila grundvölluð á hreyfingarlista úr bókhaldi félagsins. Óskaði skiptastjóri eftir, að lögð yrðu fram tiltekin gögn til skýringar á kröfunni. Hefur skiptastjóri lýst yfir því, að beiðni um framlagningu gagna hafi verið ítrekuð margsinnis, en án árangurs.

Skiptafundur til að taka endanlega afstöðu til lýstra krafna var haldinn 29. október 1996. Á þeim fundi hafði lögmaður sóknaraðila boðað forföll, en ekki óskað eftir fresti til að leggja fram umbeðin gögn. Á þeim skiptafundi var kröfu sóknaraðila endanlega hafnað vegna vanreifunar og sú afstaða kynnt lögmanni sóknaraðila. Með bréfi 8. nóvember 1996 var framangreindri afstöðu skiptastjóra mótmælt, lögð fram fylgiskjöl úr bókhaldi og

fjárhæð kröfunnar leiðrétt í 480.993 kr. Taldi skiptastjóri, að þar sem hann hefði tekið endanlega afstöðu til kröfu sóknaraðila á fundi 29. október 1996, yrði að telja, að umbeðin gögn væru of seint fram komin, til að það gæti breytt afstöðu skiptastjóra. Sóknaraðili var ekki sáttur við afgreiðslu skiptastjóra og krafðist þess, að ágreiningsefninu yrði vísað til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur, og var svo gert með bréfi 19. nóvember 1996. Var málið þingfest 11. desember 1996.

Sóknaraðili kveður kröfu sína þannig til komna, að hinn látni hafi verið í reikningi hjá sóknaraðila, sem hafi séð um ýmsar greiðslur fyrir hann. Endanleg skuld hins látna við sóknaraðila hafi verið 480.993 kr., og vísist um það til útskriftar úr viðskiptareikningi hins látna, sem skiptastjóra hafi verið send. Á skiptafundi 29. október 1996 hafi verið bókuð sú afstaða skiptastjóra að hafna kröfu sóknaraðila vegna vanreifunar. Muni afstaða skiptastjóra hafa ráðist af því, að sóknaraðili hafi ekki fyrir fundinn sent ljósrit fylgiskjala varðandi viðskiptareikning hins látna, sem skiptastjóri hafði sérstaklega óskað eftir. Hafi sóknaraðila ekki unnist tími til að ganga frá umbeðnum fylgiskjölum til skiptastjóra fyrir umræddan skiptafund, enda hér um töluverða vinnu að ræða, þar sem óskað hafi verið eftir fylgiskjölum frá árinu 1993.

Skiptastjóra hafi verið send umbeðin fylgiskjöl með bréfi 8. nóvember 1996, en auk þess hafi kröfulýsing verið leiðrétt, þar sem komið hefði í ljós færsluskekkja. Vanreifun sú, sem skiptastjóri hafi talið vera á kröfugerð sóknaraðila, sé engin lengur. Krafa sóknaraðila sé í samræmi við viðskiptareikning hins látna hjá sóknaraðila. Með vísan til framanritaðs beri að taka kröfur sóknaraðila til greina.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að skiptastjóra hafi verið rétt að hafna kröfunni á skiptafundi 29. október 1996 og þau gögn, sem sóknaraðili hafi sent skiptastjóra með bréfi 8. nóvember 1996, hafi verið of seint fram komin. Sökum þessa eigi sóknaraðili þann einan kost að höfða sérstakt mál á hendur varnaraðila til innheimtu skuldarinnar. Þá kveðst varnaraðili styðja kröfu sína því, að vegna þess að fylgiskjöl með kröfunni hafi verið lögð fram of seint fyrir skiptastjóra, hafi hún ekki fengið efnisumfjöllun hjá honum. Þá sé krafan einnig byggð á því, að krafa sóknaraðila sé vanreifuð þrátt fyrir framlagningu fylgiskjala. Til að átta sig á skuldastöðu aðila þessa máls þurfi að fara miklu lengra aftur í tímann en til 1. júlí 1993. Kveður varnaraðili fram koma í bréfi Guðmundar Sveinssonar, löggilts endurskoðanda, að til þess að unnt sé að meta, hvort staða samkvæmt hreyfingarlistum sé rétt, þurfi einnig að liggja fyrir, hvernig eða hvort sameignarfélagið hafi gengið inn í hlutafélagið og hvernig upphafsstaðan á hreyfingarlistunum

hafi verið fundin. Þá sé einnig til þess vísað, að greiðslur sóknaraðila til hins látna, sem fram komi í gögnum málsins, hefði verið hluti af launakjörum hans sem eiganda og stofnanda fyrirtækisins.

Samkvæmt gögnum málsins var haldinn skiptafundur í dánarbúi Karls K. Karlssonar, varnaraðila, 6. september 1996. Þar kom fram, að einni kröfu hefði verið lýst í búið, þ. e. kröfu sóknaraðila, sem hér er til umfjöllunar. Skiptastjóri bókaði, að hann hefði hafnað kröfunni að svo stöddu, þar sem hún væri órökstudd. Þá var bókað, að lagður væri fram hreyfingarlisti úr bókhaldi sóknaraðila, og enn fremur, að skiptastjóri teldi gögn þessi ekki fullnægjandi, til að unnt væri að taka afstöðu til kröfunnar. Ákveðið var að fresta að taka afstöðu til kröfunnar til næsta skiptafundar. Sá fundur var haldinn 29. október, og var til hans boðað með bréfi, dagsettu 21. október. Í fundargerð er skráð, að forsvarsmáður sóknaraðila og lögmaður hans hafi boðað forföll, og meðal gagna málsins er bréf frá lögmanninum frá 23. október, þar sem hann kveðst vera bundinn í þinghaldi 29. október. Þrátt fyrir þessi boðuðu forföll tók skiptastjóri á fundinum þá ákvörðun að hafna kröfunni, og er bókað af því tilefni: „Á kröfulýsingartímabili var aðeins lýst kröfu frá hlutafélaginu Karli K. Karlssyni ehf. Skiptastjóri hafnaði kröfunni að svo stöddu vegna vanreifunar. Með kröfunni fylgdi hreyfingarlisti úr bókhaldi hlutafélagsins. Skiptastjóri óskaði eftir, að lögð yrðu fram tiltekin fylgiskjöl. Beiðnin var ítrekuð margsinnis, en án árangurs. Getur skiptastjóri ekki samþykkt kröfuna, þar sem henni fylgja ekki nægileg gögn. Kröfunni er því hafnað.“

Samkvæmt f-lið 1. mgr. 97. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 teljast forföll lögmæt, ef þau stafa af áður ákveðnu þinghaldi, og samkvæmt 2. mgr. eru lögmæt forföll umboðsmanns aðila jafngild lögmætum forföllum aðilans sjálfs. Ef dómara er kunnugt um, að aðili kemur ekki vegna lögmætra forfalla, ber honum samkvæmt 3. mgr. að fresta máli og tilkynna, hvenær það verði tekið fyrir að nýju.

Dómurinn lítur svo á, að framangreindum ákvæðum megi beita um málsmeðferð hjá skiptastjóra. Á fundinum 6. september hafði því verið frestað til næsta fundar að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili boðaði lögmæt forföll, eins og rakið var, en fundurinn var ekki haldinn á þeim degi, er boðað hafði verið, 6. september. Skiptastjóri átti því að fresta því að hafna kröfunni, þar til haldinn hefði verið fundur með sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu verður aðalkrafa sóknaraðila tekin til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Skiptastjóri í dánarbúi Karls Kr. Karlssonar skal taka efnislega afstöðu til kröfu sóknaraðila, Karls K. Karlssonar ehf., í dánarbúið.

Málskostnaður fellur niður.

---